



164. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 9. júlí 2009 og hófst kl. 12:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Hafsteinn Pálsson, Helgi Sigurðsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ólympísk verkefni

EYOF

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar hefst í Tampere í Finnlandi 14. júlí nk. Aðalfararstjóri verður Hafsteinn Pálsson og aðstoðarfararstjóri Andri Stefánsson. Undirbúningur er á lokastigi.

Vancouver

Friðrik Einarsson skýrði frá því helsta varðandi undirbúning fyrir Vetrarólympíuleikana 2010. Fundur var haldinn með keppendum þann 4. júlí og var almenn ánægja með fundinn. Hugmyndir eru uppi um annan fund á haustmánuðum. Afrekssvið mun funda 6. ágúst nk. og skila tillögu að aðalfararstjóra. Viðræður eru í gangi við aðila um búnað fyrir keppendur. Áætlaður keppendafjöldi er 3-5 einstaklingar, eins og staðan er í dag.

2. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- *163. fundar framkvæmdastjórnar*
- *Aftekssviðs frá 18. júní 2009*

Friðrik Einarsson minnti á afgreiðslu Medical Code. Varaforseta, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra falið að skoða hverjar skyldur ÍSí eru út frá Ólympíusáttmála IOC. Samþykkt að taka málið aftur upp á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

- *Aftekssjóðs frá 25. júní 2009*

Eftirfarandi styrkir samþykktir úr Aftekssjóði ÍSí:

- 3.000.000 kr. til HSÍ vegna undirbúnings A-landsliðs karla fyrir EM 2010
- 3.500.000 kr. til SKÍ vegna landsliðsverkefna með sérstakri áherslu á undirbúning liðsins fyrir ÓL 2010 og ráðningu þjálfara

Eftirfarandi styrkir samþykktir úr Styrktarsjóði ungra og efnilegra:

- 750.000 kr. til HSÍ vegna þátttöku U-21 landsliðs karla í úrslitakeppni HM
- 250.000 kr. viðbótarstyrkur til HSÍ vegna U-19 landsliðs karla vegna þátttöku í úrslitakeppni HM. HSÍ hefur áður fengið kr. 500.000 í styrk úr fyrri úthlutunum sjóðsins.

- *Verkefnasjóðs frá 25. júní 2009*

3. Viðburðir framundan

Lagt fram viðburðardagatal fram að næsta fundi og til lengri tíma. Skrifstofu falið að setja dagsetningu Formannafundar inn á heimasíðu ÍSÍ og senda sambandsaðilum til upplýsingar.

4. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 21. ágúst og 24. september. Samþykkt að fundurinn 21. ágúst verði haldinn úti á landi og samhliða verði vinnufundur með starfsfólki ÍSÍ.

5. Önnur mál

Samþykkt að tilnefna Stefán Konráðsson fyrrverandi framkvæmdstjóra ÍSÍ til Laurel Award á vegum EOC. Skilafrestur er 14. september.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari